

A 1817/välfärd

Flytjandi Flokkahópur hægrimanna
Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Þingmannatillaga um mat á skilvirkni og lykiltölur fyrir velferðargeirann

Tillaga

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún feli t.a.m. Norrænu velferðarmiðstöðinni að taka saman viðeigandi lykiltölur fyrir heilbrigðisstarfsemi í norrænu löndunum sem gerir það kleift að bera saman skilvirkni og nýtingu á hverri krónu sem lögð er til

Bakgrunnur

Í öllum norrænu löndunum ríkir þróuð velferð sem íbúar ganga út frá sem vísri. Öll standa löndin frammi fyrir þeirri áskorun að fjármagna óbreytt velferðarstig þegar íbúasamsetning hefur breyst.

Kostnaður við velferð eykst

Breytingar á íbúasamsetningu, þar sem börnum, ungum og öldruðum fjölgar, hafa í för með sér aukna þörf á skóla, aðhlyningu og umönnun. Í Svíþjóð, svo að dæmi sé tekið, mun hlutfall íbúa yfir 80 ára aldri hafa aukist um u.þ.b. 47 prósent eftir tíu ár en hlutfall íbúa á atvinnualdri, 20–64 ára, mun aðeins hafa aukist um fimm prósent.

Þróunin er svipuð í öllum norrænu löndunum eins og eftirfarandi tölur frá Nordic Statistics sýna.

Tölurnar sýna hlutfall íbúa í norrænu löndunum sem eru 65 ára eða eldri:

	1977		2019		2040
DA	13,71		19,57		24,6
FI	11,1		21,83		26,3
ISL	9,38		14,21		20,4
NO	14		17,24		23,7
SE	15,47		19,9		22,8
Meðaltal	12,732		18,55		23,56



Eftirfaranda tafla sýnir kostnað við heilbrigðisþjónustu sem hlutfall vergrar landsframleiðslu árin 2000 og 2017:

HEAL12: Kostnaður við heilbrigðisþjónustu eftir tegund kostnaðar, landi og tíma			
		2000	2017
Samtals kostnaður við heilbrigðisþjónustu sem hlutfall vergrar landsframleiðslu	Danmörk:	8,1	10,2
	Finnland	6,8	9,2
	Ísland	9,0	8,5
	Noregur	7,7	10,4
	Svíþjóð	7,4	10,9
		7,8	9,8

Eigi norrænu löndin að standast þessa áskorun og ná að viðhalda því velferðarstigi sem við búum við í dag er meðal annars þörf á hagræðingu og nýjum lausnum þegar heilbrigðisþjónusta er veitt. Þróunarvinna fer fram í öllum löndunum og við getum lært margt hvert af öðru. Til að unnt sé að finna góð dæmi þurfa að liggja fyrir lykiltölur sem sýna hversu skilvirk tiltekin starfsemi er.

Helsingfors, 2. september 2019

Anna-Kaisa Ilkonen (saml)
Bente Stein Mathisen (H)
Brigitte Klintskov Jerkel (KF)
Cecilie Tenfjord-Toftby (M)
Hans Wallmark (M)
Juhana Vartiainen (saml)
Maria Stockhaus (M)
Marianne Synnes (H)

Michael Tetzschner (H)
Nils Aage Jegstad (H)
Norunn Tveiten Benestad (H)
Pål Jonson (M)
Solveig Sundbo Abrahamsen (H)
Vilhjálmur Árnason (Sj.)
Wille Rydman (saml)